



Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Hallveigarstöðum v/Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Netfang krfi@krfi.is, www.krfi.is

1. tbl. 2009 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Halldóra Traustadóttir

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands verður haldinn
miðvikudaginn 18. mars kl. 17:00
í samkomusal Hallveigarstaða, Túngötu 14 í Reykjavík.

Dagskrá fundar skv. lögum félagsins:

Skýrsla stjórnar

Reikningar

Skýrslur nefnda og fulltrúa KRFÍ í nefndum og stjórnnum

Kosning stjórnar

Önnur mál

Veitingar

Allir skuldlausir félagar hafa atkvæðisrétt á fundinum. Verið velkomin!

Á Hallveigarstöðum er til leigu skrifstofuhúsnæði. Ýmsar stærðir og gerðir skrifstofa lausar á 1., 2. og 3. hæð hússins.

Hafið samband við framkvæmdastjóra Hallveigarstaða, Þorbjörgu I. Jónsdóttur, í síma 551 5101 eða á netfanginu thij@lagathing.is

Fréttir af starfi Kvenréttindafélags Íslands það sem af er árinu

* Kvenréttindafélagið hélt málþing á afmæli félagsins 27. janúar sl. Yfirskrift málþingsins var: *Kreppir að í kynjaveröld? Áhrif kreppunnar á stöðu kynjanna.* Frummælendur voru þrír og fluttu þeir áhugaverð erindi um það hvernig kreppan kemur við konur og karla á mismunandi hátt. Hjálmar Sveinsson, dagskrárgerðarmaður á Ríkisútvarpinu fjallaði um byggingabransann og þá karllægu hagstjórn sem hann hefur lotið. Karl Sigurðsson frá Vinnumálastofnun fræddi fundargesti um tölur af atvinnuleysi og þróun mála á atvinnumarkaði undanfarin ár. Ólíkt því sem venja er, eru karlar í meira mæli atvinnulausir um þessar mundir en konur, en Karl spáði því þó að eftir nokkra mánuði myndi þetta snúast við og konur yrðu (aftur) komnar í meirihluta atvinnulausra. Bryndís Bjarnarson, stjórnarkona í KRFÍ, flutti síðan erindi um starf Neyðarstjórnar kvenna en hún hafði starfað með hreyfingunni frá fyrstu tíð. Hún rakti nauðsyn þess að slíkt afl kæmi fram og tilkynnti um leið að hreyfingin hygðist bjóða fram lista til næstu alþingiskosninga.

* Stuttu eftir að Jóhanna Sigurðardóttir tók við embætti forsætisráðherra 1. febrúar sl. héldu nokkrar stjórnarkonur á fund hennar í forsætisráðuneytinu, þar sem henni var færður blómvöndur í viðurkenningarskyni fyrir að vera fyrsta konan til að gegna þessari stöðu. Stjórn KRFÍ hefur haft þann háttinn á undanfarin ár að veita þeim konum viðurkenningu sem veljast til forystustarfa á þeim sviðum sem áður voru talin dæmigerð "karlavígi".

* Félögin á Hallveigarstöðum: KRFÍ, Kvenfélagasamband Íslands og Bandalag kvenna í Reykjavík héldu upp á konudaginn 22. febrúar sl. með því að opna húsið og boða til fundar undir yfirskriftinni: *Konur í pólitík: Hvernig vegnar þeim í breyttu samfélagi?* Þrjár stjórnsmálakonur héldu erindi: Ásta R. Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, Drífa Hjartardóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna og fyrrv. alþingismaður og Siv Friðleifsdóttir, alþingismaður. Margrét K. Sverrisdóttur, formaður KRFÍ sá um fundarstjórn. Boðið var upp á kaffiveitingar í tilefni dagsins.

Var að heyra á frummælendum að konur í stjórnámálum hafi þurft að berjast hart fyrir tilverurétti sínum á vettvangi stjórnmalanna og að í kjölfar bankahruns og kreppu, sem fært hafa samfélaginu ný gildi, virðist ekki sjálfgefið að auðveldara verði fyrir konur að láta til sín taka á þessu sviði. Húsfyllir var á fundinum og sköpuðust fjörugar umræður.

Á döfinni

KRFÍ stendur að dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni **8. mars**, alþjóðlegs baráttudags kvenna, ásamt 15 öðrum félagasamtökum og stéttarfélögum. Yfirskrift dagsins að þessu sinni er *Breytt samfélag - aukinn jöfnuð*. Dagskráin hefst kl. 14:00. Allir velkomnir.

Við minnum á heimasíðu félagsins www.krfi.is þar sem nýjar fréttir eru skráðar vikulega af fundum, ráðstefnum og öðrum forvitnilegum viðburðum sem almenningi gefst kostur á að sækja. Einnig kemur stjórn KRFÍ á framfæri yfirlýsingum sínum og ályktunum á heimasíðunni sem og á póstlistanum sem hægt er að skrá sig á, á heimasíðunni og á netfanginu krfi@krfi.is